



Dú ert hér: [Forsíða](#) / [Fréttir](#) / [Nautaskráin uppfærð: Fimm ný naut úr 2008 árgangi til notkunar sem reynd](#)

Nýjustu fréttir

Frétt

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan Hræsingi 98046

Leiðrétting á ætterni Skjás 10090 og Hróks 15023

Leiðrétt faðemi Orms 17003

Síðustu fjögur nautin úr árgangi 2017

Dýralæknir óskast til starfa

Nautaskráin uppfærð: Fimm ný naut úr 2008 árgangi til notkunar sem reynd

25/06/2014

Í gær fundaði fagræð í nautgriparækt að lokinni keyrslu á kynbótamati sem gert var nú í júní. Á fundinum var ákveðið að setja fimm ný naut úr nautaárgangi 2008 í notkun sem reynd naut. Þetta eru Þáttur 08021, Flekkur 08029, Klettur 08030, Góí 08037 og Bambi 08049. Þau naut sem verða áfram í dreifingu sem reynd naut eru: Logi 06019, Dynjandi 06024, Hjarði 06029, Víðkunnur 06034, Sandur 07014, Rjómi 07017, Húni 07041, Toppur 07046, Lögur 07047, Keipur 07054, Blámi 07058, Laufás 08003 og Blómi 08017.



Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða: Sandur 07014, Laufás 08003, Flekkur 08029, Klettur 08030 og Bambi 08049.

Ljóst er að mikil ásókn verður í þá nautsfeður sem koma nýir til notkunar (Flekkur 08029, Klettur 08030 og Bambi 08049) að þessu sinni og til þess að nýta erfðaefni þeirra sem best og jafna framboð nautkálfa undan þeim á nautastöðina ákvað fagræð að dreifing þeirra verði ekki frjáls og óháð. Þannig munu þeir eingöngu standa bændum í skýrsluhaldi til boða auk þess sem fjöldi skammta sem hver og einn fær til nota verður miðaður við fjölda árskúa í maí s.l.

PDF af þessari síðu

Líkar þetta 7 kunna að meta þetta. [Nýskráðu þig](#) til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

